

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 160/2011

2012/EES/15/37

frá 2. desember 2011

## um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 110/2011 frá 30. september 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 193/2011 frá 28. febrúar 2011 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007 að því er varðar gæðastýringarkerfið sem notað er í tengslum við jafnvirðisgengi <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19y (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007) í XXI. viðauka við samninginn:

„19ya. **32011 R 0193**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 193/2011 frá 28. febrúar 2011 um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007 að því er varðar gæðastýringarkerfið sem notað er í tengslum við jafnvirðisgengi (Stjtið. ESB L 56, 1.3.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 193/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 50, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 1.12.2011, bls. 24.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 56, 1.3.2011, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.